

**A 1676/holdbart**Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærninefndin

Málsnúmer: 16-00096-7

Nefndarálit Norrænu sjálfbærninefndarinnar um

þingmannatillögu um skynsamlega nýtingu matarúrgangs og baráttu gegn matarsóun**Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að fylgja eftir ráðleggingum úr átaksverkefni forsætisráðherranna um grænan hagvöxt um samræmingu á reglum um merkingu matvæla með tilliti til síðasta neysludags

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að þróa tillögu að leiðbeiningum um matvælaöryggi við dreifingu á mat sem smásöluverslanir og veitingastaðir gefa til góðgerðarmála

að hrinda af stað nýjum verkefnum í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum til að draga úr matarsóun á öllum stigum, og að hlutaðeigandi fagsvið í Ráðherranefndinni taki þátt í tilteknum verkefnum

að fela Norrænum orkurannsóknum (NEF) það verkefni, hugsanlega í samstarfi við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina, að hrinda af stað verkefnum, sem styðja við þróun þar sem lífrænum úrgangi og rekstrarúrgangi er í auknum mæli breytt í orku, og varpa ljósi á efnahagslega og umhverfislega kosti og galla við aðrar lausnir

Aðdragandi

Flokkahópur jafnaðarmanna hefur lagt fram tillögu undir heitinu „skynsamleg nýting matarúrgangs og barátta gegn matarsóun“. Tillagan hefur tvo málsliði. Sá fyrri er um að hrint verði af stað nýjum verkefnum í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum, sem leggur áherslu á sóun á framleiðslu- og úrvinnslustigi í verslun, á veitingastöðum og á heimilum. Sá seinni er um að Norrænar

orkurannsóknir (NEF) hrindi af stað verkefnum, sem geta breytt lífrænum úrgangi og rekstrarúrgangi í orku.

Norðurlandaráð

Tillögunni til stuðnings er bent á að samkvæmt skýrslu frá SP frá 2014 er matarsóun (á sænsku: matsvinn, á dönsku: madspild) ásamt sóun matvæla þriðja helsta ástæðan fyrir losun gróðurhúsalofttegunda¹. Minnkun matarsóunar og sóunar matvæla er því mikilvægt verkefni í því skyni að ná alþjóðlegum markmiðum í loftslagsmálum. Einnig er lögð áhersla á að Norðurlöndin ættu að vera í fararbroddi á þessu sviði, bæði í að draga úr matarsóun, en einnig í nýtingu úrgangs vegna matarsóunar og sóunar matvæla, sem ekki er hægt að forðast á skynsamlegan hátt. Einnig er bent á að tillagan geti stuðlað að eftirfylgni á átaksverkefni forsætisráðherranna um grænan hagvöxt.

A 1676/holdbart

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 16-00096-7

Í tillögunni er útskýrt að í nýlegu mati, sem fór fram þegar framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum árin 2013-2018 var hálfnuð, var lagt til sem hluti af framlagi framkvæmdaáætlunarinnar til hringrásarhagkerfisins, að það væri mjög viðeigandi að taka með verkefni sem stuðla að minni matarsóun.

Umsagnir

Tillagan hefur ekki verið sett í formlegt umsagnarferli. En við undirbúning málsins var haft samband við Norrænar orkurannsóknir. Ennfremur kynnti verkefnisstjóri átaksverkefnis forsætisráðherranna um grænan hagvöxt niðurstöður sínar á nefndarfundum.

Sjónarmið nefndarinnar

Aðgerðir til að draga úr sóun á mat

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Norðurlandaráð tekur á viðfangsefnum matarsóun. Árið 2011 samþykkti Norðurlandaráð tilmæli sem voru afskrifuð árið 2013. Viðfangsefnið hefur, m.a. vegna tilmæla Norðurlandaráðs verið á dagskrá á Norðurlöndum í mörg ár með mörgum verkefnum. Árið 2012 gaf Norræna ráðherranefndin til dæmis út skýrsluna „Prevention of food waste in restaurants, hotels, canteens and catering“ (TemaNord 2012:537) með mörgum hagnýtum ráðleggingum. Sama ár hrinti Norræna ráðherranefndin af stað (fyrir tilstilli Norrænu ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)) þremur verkefnum sem eftirfylgni við átaksverkefni forsætisráðherranna um grænan hagvöxt.

Vegna skorts á tölulegum upplýsingum er erfitt að meta þróun matarsóunar yfir tíma og bera saman tölur milli landa. Þó má sjá að rannsóknir í Danmörku gefa til kynna að aukin áhersla á vandamálið hefur stuðlað að minni matarsóun. Tölulegar upplýsingar frá Svíþjóð sýna það sama. Þess er vænst að tölulegar upplýsingar um matarsóun verði betri í framtíðinni² og það mun auðvelda mat á ástandinu og áhrif aðgerða sem geta dregið úr matarsóun.

Norræna ráðherranefndin hefur upplýst að vinna með matarsóun fer að mestu fram í þremur verkefnum sem eiga rætur að rekja til átaksverkefnis forsætisráðherranna um grænan hagvöxt. Þau snúast um skilgreiningu á matarsóun í frumframleiðslu, merkingar á geymsluþoli matvæla og matarbanka. Verkefnunum er skipt í þrjá áfanga; grunnrannsókn,

¹ Matvælastofnun SP (FAO) greinir vissulega á milli matarsóunar og sóunar matvæla, en á heildina séð leiða matvælaauðlindir sem fara til spillis til mikils hluta gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum á jörðinni.

² 6. júní 2016 kynnti utanríkisráðherra Danmerkur nýtt frumskjal með leiðbeiningum um hvernig matarsóun er skráð og mæld. Nýja frumskjalið er unnið af mörgum stofnunum, þar á meðal Matvælastofnun SP (FAO), og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP).

ráðleggingar og miðlun upplýsinga. Áfanga I og II er lokið og áfangi III er um það bil að hefjast.

Varðandi merkingar á geymsluþoli matvæla hafa borist beinar ráðleggingar úr öðrum áfanga verkefnisins³. Mælt er með bættum leiðbeiningum til matvælaíðnaðarins, matvöruverslana og neytenda. Lagt er til að vinna áfram með möguleikann á samræmingu á lægri geymsluhita fyrir viðkvæm⁴ matvæli í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, og að merkingin „síðasti neysludagur“ verði bara notuð á viðkvæm matvæli þar sem geymslutíminn getur leitt til bráðrar hættu þó að matvælin séu geymd í samræmi við upplýsingar á umbúðum. Ennfremur að merkingar á geymsluþoli eggja lúti sömu reglum og öll önnur matvæli, en ekki sérreglum eins og í dag⁵.

Með tilliti til vinnunnar með matarbanka, hefur áfangi II leitt til margra ráðlegginga um sjálfan matarbankann, til matvælafyrirtækja, sem gefa mat til matarbankanna og stjórnvalda⁶. M.a. ráðleggur skýrslan að gerðar séu opinberar leiðbeiningar um matvælaöryggi þegar mat er dreift, sem gefinn er af verslunum og veitingastöðum.

Nefndin styður tillöguna um áframhaldandi aðgerðir af hálfu Norrænu ráðherranefndarinnar til að draga úr matarsóun og sóun matvæla. Í ljósi framkominna tilmæla um merkingar á geymsluþoli matvæla og leiðbeiningar með tilliti til matarbanka, er eðlilegast að beina tilmælum til hlutaðeigandi ríkisstjórna og til Norrænu ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS).

Nefndin leggur því til að Norðurlandaráð beini tilmælum *til ríkisstjórna Norðurlandanna um að þær fylgi eftir ráðleggingum úr átaksverkefni forsætisráðherranna um grænan hagvöxt um samræmingu á reglum um merkingu matvæla með tilliti til síðasta neysludags*.

Ennfremur að Norðurlandaráð beini tilmælum *til Norrænu ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) um að þróa tillögu að leiðbeiningum um matvælaöryggi við dreifingu á mat sem smásöluverslanir og veitingastaðir gefa til góðgerðarmála*.

Nefndin styður tillöguna um ný verkefni til að draga úr matarsóun í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum. En hér er um að ræða verkefni sem varðar fleiri fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar en umhverfissviðið. Því leggur nefndin til annað orðalag; *að hrint verði af stað nýjum verkefnum í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum til að draga úr matarsóun á öllum stigum, og að hlutaðeigandi fagsvið í Ráðherranefndinni taki þátt í tilteknum verkefnum*

Lífrænum úrgangi breytt í orku

Nýting lífræns rekstrarúrgangs í orkuframleiðslu er verkefni sem flestir geta séð skynsemina í. En vandinn felst í að haga hlutum á réttan hátt með tæknilegar lausnir og efnahagslega hvata. Hér er þörf á aukinni þekkingu. Norrænar orkurannsóknir (NEF) geta stuðlað að þróun þeirrar þekkingar og það gæti vel farið fram í samstarfi við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina. En þetta er að miklu leyti spurning um

³ Sjá skýrsluna *Food waste and date labelling*, TemaNord 2016:523.

⁴ Viðkvæm matvæli eru matur og drykkur sem vegna örvera eða ensíma geta orðið heilsuspillandi eða rýrnað verulega hvað hreinlæti varðar.

⁵ Reglur ESB hér að lútandi byggja á þeirri venju sem tíðkast í mörgum ríkjum Suður-Evrópu að geyma egg við herbergishita.

⁶ Sjá skýrsluna *Food Redistribution in the Nordic Region, Phase II: Identification of best practice models for enhanced food redistribution*, TemaNord 2016:502.

Norðurlandaráð

A 1676/holdbart

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 16-00096-7

forgangsröðun á fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Þess vegna veltur málið á niðurstöðu árlegra viðræðna um fjárhagsáætlun milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norðurlandaráð

Nefndin veitir því eftirtekt að erfitt er að finna einhlít svör í heimi fræðimanna um hver er hentugasta lausnin til söfnunar og endurnýtingar lífræns úrgangs. Í ritgerð frá árinu 2015 sem var unnin við Danmarks Tekniske Universitet, er komist að þeirri niðurstöðu að enginn umhverfislegur ávinningur felist í að endurnýta matarúrgang í lífgas miðað við að nota hann sem orkugjafa í brennslustöð. Þetta hefur skapað umræðu, en það sýnir að þessi niðurstaða er ekki studd af öllum sem taldir eru hafa sérfræðipekkingu á þessu sviði⁷. Öruggasta ályktunin er að það eru kostir og gallar við ólíka meðferð lífræns úrgangs. Því ætti það að vera hluti af þeim verkefnum sem er ætlað að stuðla að nýtingu lífræns úrgangs, að skoða líka kosti og galla borið saman við aðrar lausnir.

A 1676/holdbart

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 16-00096-7

Norrænar orkurannsóknir (NEF) hafa fasta grunnfjárveitingu frá Norrænu ráðherranefndinni, sem nam 6,3 milljónum danskra króna árið 2016 og NEF getur því ekki hrint af stað tilteknum verkefnum án meðfjármögnunar frá löndunum. Til þess að skapa raunhæfar væntingar um framkvæmd tilmælanna þarf Norræna ráðherranefndin að ráðstafa fjármagni í þeim tilgangi á fjárhagsáætlun sinni. Norræna fjármagnið getur stuðlað að því að laða að meira fjármagn frá öðrum aðilum (margföldunaráhrif). Til þess að skapa áhuga þarf fjárveitingin frá Norrænu ráðherranefndinni að vera af ákveðinni stærð. Norrænar orkurannsóknir (NEF) hafa upplýst að ef eftirfylgni tilmælanna eigi að fara fram, krefjist það fjármögnunar frá Norrænu ráðherranefndinni upp á 1 milljón danskra króna til þess að skilgreina ramma verkefnisins og síðan 5 til 10 milljónir danskra króna til að framkvæma það. Við sjálfa framkvæmdina er sótt um meðfjármögnun frá Norðurlöndunum og hugsanlega frá öðrum aðilum. (Þess vegna þarf að veita minnst 3 milljónir danskra króna af norrænu fjárhagsáætluninni).

Nefndin getur því stutt þá tillögu, að *Norrænum orkurannsóknum (NEF) verði falið það verkefni, hugsanlega í samstarfi við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina, að hrinda af stað verkefnum, sem styðja við þróun þar sem lífrænum úrgangi og rekstrarúrgangi er í auknum mæli breytt í orku, með þeirri viðbót, að vinnan eigi líka að stuðla að því að varpa ljósi á kosti og galla við aðrar lausnir.*

Stokkhólmi, 27. september 2016

Christian Poll (ALT)

Elín Hirst (Sj.)

Hanna Kosonen (cent), formaður

Irene Johansen (A)

Jan Erik Messmann (DF),

Danmörku

Jan Lindholm (MP)

Karin Gaardsted (S), varaformaður

Knut Storberget (A)

Mikko Kärnä (cent)

Róbert Marshall (Björt framtíð)

Staffan Danielsson (C)

Susanna Koski (saml)

Suzanne Svensson (S)

Sylvi Graham (H)

Thomas Finnborg (M)

⁷ Sjá dagblaðið Information 9. mars 2015: <https://www.information.dk/indland/2015/03/ny-forskning-ingen-gevinst-ved-genanvende-madaffald>